



Lög Félags skógareigenda á Suðurlandi, FsS

1. grein

Félagið heitir Félag skógareigenda á Suðurlandi. Félagssvæði þess er starfssvæði Suðurlandsskóga.

2. grein

Heimilisfang þess og varnarþing er á aðalskrifstofu Suðurlandsskóga, að Austurvegi 1, 800 Selfossi.

3. grein

Markmið félagsins eru:

- a) Að vera samtök og málsvari þeirra, sem áhuga hafa á að vinna að skógrækt og ræktun nytjaskóga á félagssvæðinu.
- b) Annast samskipti og samningagerð fyrir hönd félagsmanna við þá aðila sem félagsmenn óska eftir.
- c) Að sjá til þess að félagsmenn eigi kost á fræðslu og leiðbeiningum í skógrækt eins og þörf er á á hverjum tíma.
- d) Að leita markaða fyrir skógarafurðir.

4. grein

Félagar geta þeir orðið sem eru eigendur og/eða ábúendur lögbýla og/eða jarðarhluta á Suðurlandi og stunda hvers konar skógrækt á jörðum sínum. Eitt félagsgjald greiðist fyrir lögbýli og/eða jarðarhluta.

5. grein

Aðalfundur er æðsta vald í málefnum félagsins og skal haldinn eigi síðar en 1. júní ár hvert og til hans boðað bréflaga með minnst 10 daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmatgur ef löglega er til hans boðað. Stjórn félagsins getur boðað til félagsfundar þegar hún telur ástæðu til þess og/eða 1/3 hluti félagsmanna æskir þess. Skal þá boðað til hans með sama hætti og til aðalfundar.

Verkefni aðalfundar skal vera:

- 1) Leggja fram skýrslu stjórnar ásamt endurskoðuðum reikningum félagsins til samþykktar.
- 2) Kosning stjórnar.
- 3) Kosning fulltrúa í stjórnir, ráð og félagasamtök sem félagið er aðili að hverju sinni.
- 4) Aðalfundur ákveður árgjöld félagsins.
- 5) Önnur mál

6. grein

Aðalstjórn félagsins skipa 5 félagsmenn og 3 til vara og fer hún með framkvæmdastjórn félagsins á milli aðalfunda. Stjórnin má ekki skuldbinda félagið fjárhagslega umfram það sem fram kemur í samþykktum aðalfundar. Kosningar skulu vera skriflegar og leynilegar og uppástungur því aðeins leyfðar að fundurinn samþykki.

- a) Kjósa skal formann sérstaklega til þriggja ára í senn.
- b) Aðra aðalmenn skal kjósa sameiginlegri kosningu og skiptir stjórn með sér verkum að öðru leyti.
- c) Kjörtímabilið er 3 ár, þannig að tvö fyrstu árin skal kjósa um tvo stjórnarmenn, þriðja árið skal kjósa um einn stjórnarmann, stjórnin skiptir með sér verkum að loknum aðalfundi. Hlutkesti skal ráða hvor meðstjórnandinn gengur fyrir úr stjórn.
- d) Ritari gegnir stöðu varaformanns.
- e) Kjósa skal 3 varamenn til eins árs í senn.
- f) Skoðunarmenn eru tveir og tveir til vara kjörnir til eins árs í senn.

7. grein

Lög þessi tóku gildi með samþykki aðalfundar 28.03.1998 og síðari breytingum frá 23. apríl 2010 og 5. maí 2012. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn félagsins fyrir 1. mars. Tillögur til lagabreytinga skulu sendar út með boðun aðalfundar. Til breytinga á lögum þessum þarf minnst 2/3 hluta akvæða á aðalfundi.